

Forfatter: Magnússon, Jón

Titel: BREV TIL: Magnússon, Arní FRA: Magnússon, Jón (1729-10-13)

Citation: Magnússon, Jón: "BREV TIL: Magnússon, Arní FRA: Magnússon, Jón (1729-10-13)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 302.
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000402.pdf> (tilgået 27. april 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

JÓN MAGNÚSSON (A. Ms BRODER) TIL ARNE MAGNUSSON. *Solheimum 13. Octobris Anno 1729.*

Trykt efter orig. i AM. Access. 1. Begyndelsen, indtil »mest etc.« (s. 303 38) er gentagelse af et brev af 24/8, som også foreligger i Access. 1, og hvis slutning optages af nogle i nærv. brev blandt bilag givne oplysninger. — Indh.: Privatforhold, brevkopiering (det med Hofsós skib ifjor nedsendte er forlist), vulkanudbrud, litteratur-meddelelse; beder om aflagt kjole og paryk. Som bilag medfølger de tre nedenaftrykte stykker, a. Om Sturlunga saga m. v., b. Om J. M.s samlinger til Fornyrði etc., c. Om det nye lovudkast; endv. de to under nr. 399 nævnte ejendomsoverdragelser til A. M. 1709—10.

Fra J. M. til eksekutorerne i A. M.s bo, justitsråd Th. Bartholin og assessor H. Gram, foreligger i AM. 1058 v, 4to et udførligt brev af 19/9 1730 (med en efterskrift af 4. »Septembr«!), hvori han takker for den ved to skrivelser givne meddelelse om A. M.s død; han finder sig gerne i hans testamentariske bestemmelser og nedsender efter begæring til samlingen nogle for A. M. bestemte afskrifter m. v. (1. Bp. Bjørns og O. Sigurdssons register over stiftskisten, 2. Bp. Bjørns register over en brev-kopibog, 3. Bp. Torlak Skulasons register over domkirkens dokumenter, 4. Dokumenter om arven efter Solveig Bjørnsdatter, 5. A. M.s vita af J. M. på islandsk, 6. Juridiske dissertationer af J. M., 7. C. 70 brevkopier. Takker for modtagen klædning og parykker. Beder herrerne tale hans sag i den nu svævende 3dje lejemålssag, som ifg. loven vil koste ham livet. Nedsender 2 gamle membraner (ubenvænte). — Indlagt i Access. 1 er efterstående anvisning (med skriverhånd) fra A. M. til J. M. ang. afskrivning efter Hóla kopibog: »Þesse epterskrifud bref bid eg bródur minn Jón Magnússon minna vegna upp ad skrifa úr þeirre Hóla-dómkirkju copiu bók, hveirrar registur hann mier sende i fyrra 1727. Hvert eitt brefed skrifast sier í lage, more meo, og ecke miög þiett, helldur nockud gised. Um literaturam bókarennar hirde eg eckert, þvi hun mun eige merkeleg vera; enn ordriett verdur allt ad vera« — hvorefter opføres i alt 22 numre.

Mon frere.

Jeg skrifade þier til i sumar, af dato 24. Augusti so látande. Jeg skrifa þetta, til ad láta þig vita, ad vid Christin m: lifum s. 303so aframm vid sama stand, smáhrörnande af alldurdóme, og slisalaus, ad ödru. Erum kyrr hier i Solheimum, nema hvad eg, sidann i vor, þegar mier so hagar, er kippum saman á Reinestad, hiá systlumanne Spendrup, þvi þaug hiónenn fluttust þángad i vor, og seigia mig þar velkomenn, nær sem eg villie helldur þar vera enn hier heima. Eckert Dansk skip er enn komed i neina höfn hier nordann lands, so eg med skilum vite, er þó annarsstadar frá sagt, ad þeirra sie von. Epter Dönskum er sagt, ad eckert sie friett til Hofsoþ skips þeß i fyrra, er þvi almennelega hallded það mune, med eitthvert slag, hafa i sió fared. Á þvi skrifade eg þier til i fyrra, og hverge annarsstadar, so eg mune, enn nu hef eg ecke stund ad itreka hier, það sem eg þar skrifade eda med sende af documentum og ödru fleyra, það vil eg i surnar giöra, ef get, so framt skipenn koma einhvern tíma hier nyrdra. Jeg heyre ógladur það ólucku tilfelle, sem á undannförnu áre skiede i Kaupenhavn, af elldenum, og þinn (medal annarra) skada þar utaf. Er það mier sárast, sem þig þar uti snerter, þar er og minn skade hiá, sem þu vel veitst, og er hann fyrer sig, nefnelega, ad þu geter ecke mier hiálpad, hilt angrar mig meira, ad þu skuler, þar af, neina þreinging hafa, gud blessadur veite þier þá hialp, sem hönum þoknast, og giöre þier nu gott aptur fyrer undannfarnar bródurlegar velgiörder vid mig. Jeg ætla, ef get, ad koma þessu brefe i Stickisholm og láta þar med fylgia nockrar brefa-copiur, nockud minna enn 70 ad tölu: frá Hofe i Valnsdal, þaug sende mier sr. Ormur á Melstad, epter þinne bón, sem hann sagde mier, frá Gudlaugstöðum i Blöndudal, og Valadal, sem eg utvegade, frá Reinestad, sem eg utvegade, frá Audbrecku, sem Hanns Skeving færde mier, epter bón þinne, sagde hann, og eru nu aller originalar þessarra eigendunum aptur skilader. Gete eg i sumar fleyre brefum komed, þá áttu med þeim ad vænta meira frá mier þess slags, sem eg nu ecke giet hier mentionerad. Copiur, sem eg sende i fyrra á Hofsoß skipe, voru af Bolstadahlídar brefum, ad mig minner under hundrad; og hinar ur Hólabókinne, sem þu badst um; hef eg ei önnur ráð enn fá þetta til láns aptur i vetur og uppskrifa, þvi nu er eg, nær sem get, ad skrifa önnur tilfeingenn document, sem mier eru under höndum, so eg gete eitthvad sendt þier, og villde giarnann það yrde sem mest etc.

Allt það sem fleyra var i þvi brefe mentionerad, um erende vid Mad: þrude, og þorvalld, Jon Eggertsson á Aukrum, þorlák á Seilu etc. finnur þu á lausu blade hier innlagt, og á þvi sama blade um Hraunþufu klaustur. Nu epter þetta komu nordann s. 304skip smámsaman, og Hofsoß skip eitthvad öndverdlega i Septembri, liet eg þá spyria þar epter brefe minu, var það til hiá kaupmanne, enn madurenn lietst ei þora ad taka það, þvi kaupmadur sagde ei mætte vökna; fiell sídann so óluckulega, ad eg feck það ecke fyr enn 26. Septembris, so fyrer það verda nu ute flestöll þaug skrif, sem eg ellegar hefde eitthvad kunnad þinna vegna i ad giöra. Kem eg hier nu til ad svara uppa það þitt bródurlegt tilskrif, og hitt það i fyrra, sem andsvar mitt uppa fór i siöenn med Hofsoß skipe. Er það fyrst, ad eg bid gud umbuna þier öllu góðu fyrer utlát þin vid mig, bæde i fyrra og nu i surnar, og vil eg jafnann, medann gud gefur mier líf og heilsu til, vera reidubuen ad þiena þier, i þvi sem eg get, og þu villt tilmælast. Og þó eg siáe af brefe þinu, hversu óluckulega tiltókst um Bibliothecam þina, þá gledur mig það, sem þu hefur epterhallded, og vona líka þu muner nockru ödru gagnlegu hafa biargad getad. Eingenn bref hafa, sídann i fyrra, til min komed fra Magnuse Pálssyne i Vydedalstungu, og eingum þar ad vestan, nema þaug 8, sem komu i surnar frá sr. Orme (frá Hofe i Vatnsdal) og eg sende þier copiur af, med hinu brefenu, i surnar, sem eg ætlade i Stickishólmi; talade eg þó um þvilikt i fyrra, á Flugumire, vid Einar Jonsson, og á Vydevöllum vid sr. Orm, morgunenn epter. Nær sem sídann koma kynne, skal eg liuflega móte taka, og það hef eg sagt báðum þeim. Bolstadahlídar brefa copiurnar fóru til ulucku á

Hofsoss skipenu; því er eg nu buenn að sækja aftur þaug bref, til að erfida i, i vetur. Af Hofs brefum á Höfdaströnd (sem eg nu síðann i vor kalla Reinestadbref) sende eg þier i hinu brefenu i surnar eitthvad hier um 30 copiuur, enn vona þu kunnur hier með að fá af þeim þaðann vel 40, enn jeg smásaman sópa þar betur innann, jafnódt sem eg fæ stunder til. Grafarbréf á Höfdaströnd eru enn nu kyrr, og tek eg þau, ef life, nær sem eg kernst til að uppskrifa, enn það er óhult, þaug fiuka ei þaðann, þángadtil. Eckert vardar mig um þær ómerkelegu lagagreiner, epter hende Peturs þórdarsonar, fyrr enn þu hefur áhalded, ef óbrunnar eru, enn hafe Vulcanus lesed þær, þá verdur hann ecke sóktur um frammlán. Þó mier að sönnu synest Hr. Steirn hafe miked að mæla um arfsvon dótturbarn(s) síns, i Vydedalstungu, þá kann það ecke að skillast, fyrr enn af eru allar skulder, og ur því einu sem þá af geingur, enn verde það eckert, þá ætla eg þar, so sem annarsstadar, validere það, ex nihilo nihil fit.

Um elldana i hittefirra nærre Heklu, og þrisvar einhversstadar austur á fiöllum, sem hiedann hafa siest, nefnelega i vetur að var s. 305i Januario, og tvisvar ádur á undannfórnum árum, alltid hiedann að siá i landsudur, er eckert sierlegt að skrifa, þeir hafa hverge i bygdum, sem eg tiisputt hefe, neirn skada giört. Um suplicatiu þuridar hef eg því ölldungis afsleiged, að brefed vill meira kosta, enn hun kynne að betala, eda sidann sinn kostnad, þo giæte, á þremur árum að upprietta; og er það ei ómaksverdt. Enn um vesen Markusar Magnussonar þyker mier kinlegra. Markus fór nordur i fyrra til Benedicts lögmans, vard hönum síðann samferda hingad á Akureyre, sagde mier síðann, hann hefde lofad sier, að skrifa þier þar, að kaupmadurenn á Akureyre ætte peningana til brefsens ut að leggja, enn hann (lögmadurenn) skyllde fyrer þá cavera vid kaupmann. Nu þætte mier, að áre, gaman að vita, hvert i þessu hefur neitt orded, eda hvad i vege staded. Get eg vel innbyrlad mier, að ellds óluckann hafe mátt mörgum söddann utriettingum og aforme um vellta. Andsvör min: Um marginalia á Sturlungasögu, Um bókena, sem sr. Olafur heitenn talade um vid Nikulas Magnusson, Um bref og dröslur epter Skula h. Olafsson á Seilu, Um dóma skrædu Skapta heitens Iosephssonar, Um Hraunþufuklaustur sier þu allt á einu lausu blade, sem eg vil hier innleggja. Enn sr. Magnus á Mælefelle seigest aldeillis eckert hafa epter födur sinn, þess slags, sem eg hef eptersputt. Enn um það, nær fader hanns dó, og um Christinrietts fragmented á Aukrum, sem Skapte heitenn hefur umtalad, skal eg svara, þegar eg fæ vissu, það hefur hingad til hiá lided. Hier fellur mier inn, að i copiumum sem eg sende þier i surnar, voru þær tvær ab annis 1520 og 1521 um hiónaband þorleifs Biörnssonar og Ingvelldar Helgadóttur, bádar ex origin.; munu því þaug bref vera það, sem þu til forna hefur til láns haft frá Skula heitnum, eru nu hiá syslumanne Spendrup, og munu ecke föl vera, enn liuflega liede hann mier þaug til epterskrifftar. Arne þorsteinsson i Bolstadahlid það mig á dögunum, þegar eg sókte brefenn til hanns, að minnast á vid þig, i brefe minu, að hann með þienustusamre heilsan bidur þig að hyggja að, hvert þu hafer nein bref, sem i nockru snerte Æsustade i Lángadal, því ef það være, þá villde hann giarnan meiga þar af góds ínytia verda; og maklegur er hann þess, ef til er, því hann hefur nu i tvær reisur fyrer utann nockur undannmæle lied mier öil söddann document, sem hann hefur, smá og stór, betre og verre; þu andsvarar mier hier uppa, að áre, ef gud lofar. Það sem eg hier með sende, er þetta: 1. Dissertationes födur mins, um lög. Þær allar skrifadar, epter þeim, sem eg s. 306hefe, enn þær skrifade eg, vel tvítugur, epter hanns eiginhende, eru þó, i þeirre um erfder, nockur loca corrupta, sem athugaleyse mitt þá hefur ollad, get eg þar ecke vid giört, því eg veit eckert, hvad orded er af hanns manuscripto, meina eg annarhver yngre brædra ockar hafe vid því teked, og síðann eitthvad so af orded, að ecke fáest uppfriett. Verdur þu því með þetta að ánægjast, so gott sem er. 2. Líted ágríp, um laganna reformation, á Islande. 3. Faord hystoria, ut af því nya formalitete, hier innskickudu. 4. Eignarskial uppa tvö kugillde á þoreyarnupe, eins og það sem i sióenn fór, á Hofsóss skipe, i fyrra. 5. Registur uppa bref þaug sem þu þaðst mig að skrifa ur copiubók Mag: Biörns a Hólum og eg i fyrra sende með Hofsóss skipe, það er það sama sem þu sender mier i fyrra, nema jeg hef sett annann numerum hiá, þar sem hinn var rángur, hef eg epter copiu af því. 6. Blad um nya laga concepted, sem eg vil bera mig að, að láta þig fá annad þess slags fiölordara að áre, ef vid lifum, og fá blöd önnur laus, sem þu sier. 7. Vel 40 copiuur af gömlum brefum, sem öll eru fra Reinestad, meira get eg nu ecke að þessu sinne, og verdur þu það að fyrergiefa. Copiubókenn su i franska bandenu, sem hiá þier var, er til min komenn og danska registred, frá Hólum; met eg nu mest fyrst að skrifa ur því það þu bidur, síðann documentenn ur hinne copiubókenne, og registur ur henne, sem ádur er hiá mier. Þar epter Bolstadahlídar brefenn, og epter hendenne, það sem eg hef, riettarbætur, kongsbref etc. so miked sem eg giet, og ef vid so leinge lifum, áttu að áre so mikels von af þessu, sem eg þángad til fæ afgiört, og mun nockud verda, ef gud giefur mig epter veniu so vídt heilbrygdann. — Elidur hefur i undannfarenn tvö ár ödruhveriu uppkomed nordur hiá Myvatne, enn ecke stórann skada giört, nema á fialhögum og nockud kannskie spillt veide i vatnenu; enn i vetur að var brende hann langt heim epter að Reikiahlid. Enn i surnar sunnudagenn næstann epter þingmariumessu kom hann upp þar i bænum, var biargad bæde því, sem i bænum var, og vid öllum ur bænum, item allt teked ur kirkiunne, og nockru sídar vidur ur henne allur; er síðann afbrunned Reikiahlid með Gröf, Grimstader, Fagranes, og sumer seigia enn þá einhver þær sá fimte; sr. Jon Sæmundsson komenn til Skutustada. Vatned mestallt orded brunahraun, með vatnsdælum innannum; líkast til su sveit mune öll af brenna. Enn ecke heyre eg, að elldurenn logande siáest þar, nu sem standur, ofann á jördunne. Hinu heyre eg dreift, að i i fiallenu lyer ofann Mula skule ei festa snió, þó annars stadar s. 307korne, og ef satt er, þá þyker mier ills vite, að þar mune velgia under. Um óluckuma austur i Örafum, af elide og jökulhlaupe, i hittefyrra kernst eg nu ecke til að skrifa, og aungvar frietter adrar, so brefed ecke verde epter af skipenu. — Enn hef eg nockud epter að skrifa, sem eg kem mier varia til, enn verd þó að giöra það. So er ástادت, jeg er ordenn nærre því til skammar fyrer klædleyse, því under 20 ár hefur mier ecke rya bæst af kiólum, fyrer utann þegar eg hef getad láted giöra mier einskeptu i kiól, til að bruka hvern dag, vadmál er hier ecke

ærlegt að fá, enda þole eg það ecke fyrer þyngslum, burðer eru í burtu, því hef eg ecke önnur ráð enn bidia þig, að áre, að gefa mjer kíól, af grófu klæde, sterku og ódyru, so frammt þu getur það meinfangalaust. Og ef þu nu þetta getur, þá villde eg hann være blágrár að lit, vel so síður sem þu brukar, álíka víður, nema miklu meir a herdarnar, því eg er langtum herdameire enn þu. Geter þu nu ecke þetta meinfangalaust, þá láttu það vera ógiört, og er það þá allt eins vel. Enn ef þu getur það án бага, þá tilseigdu mjer, þess leingur að erfida fyrer því, í skrifu því sem þier kann að vera þient med, og reidstu ecke þessarre minne diörfung. Þá er enn, jeg sende í fyrra, med Hofsóss skipe, sem í síóenn for, nockur qvennhár, sem eg þá það þig að láta gjöra ur paruvqe. Nu get eg ecke so fliótt önnur aptur feinged, hef eg að sönnu utlifud grey, sem mjer duga að bruka hvern dag (af því jeg má alldrei án þeirra vera, því eg er ordenn miked sköllóttur), enn hitt er leidara, eg á eckert, sem skammlaust sie að bruka, so sem til kirkiu; þar fyrer, ef þu kannt að eiga eitthvert, sem þier er orded óþienanlegt að bruka, því það þienar mjer samt nóg vel, þá gefdu mjer það; er það alldrei so slæmt, að mjer ecke duge það, so framt nockud sídt er, því eg er æred hálslángur, enn það er eins sagt um þetta og hitt, að þu skallt ecke við því hræra, án þess þu geter það meinfangalaust. Sendtu mjer og cantharides fyrer fáeina skillinga, því eg hef öngvar, hvad sem mjer áliggur, enn þarf þeirra stundum med. Christin m. bidur ástsamlega að heilsa þier, enn sier ecke til að skrifa þier til. Hun sende þier í fyrra med Hofsóss skipe leggiabönd, sem þu hafder um talad, og ull nockra að farva, epter þinu tilbode, þetta fór allt í síóenn. Nu sender hun enn hier med leggiabönd og bidur þig vel virda, um ull að senda í farva hefur hun í þetta sinn ecke leligheit. Hun ætlade að senda þier tvenna qvennsokka, enn vard ofsein, því skiped for fyrre enn hun meinte, enn á ecke alltid tafalausar stunder, vill hun því bera sig að bæta það að áre, ef hun getur, bidur s. 308þig bródurlega gjöra, að senda sier að áre eina góða véirkamba, sem ull er samkiembd med, og skrifa sier til 2 eða 3 línur um leid, sier til skemtunar, enn ecke þurfe það lángródt að vera, þier til tafar. Virtdu nu bródurlega, epter vana, gud vere þín hiálp og styrkur, hönum befel eg þig og þina, med allrar lucku óskum, og vil so leinge eg life, alltid finnast

þinn þienustuviliugur bróder og þienare
Jon Magnusson.

a. Jeg talade við Mad. Prude á Vydevöllum og þorvalld Magnusson þar, um Sturlungu, sem þu epterspyr. Sögdu þaug bæde, hvert öðru afheyrande [hvert sier í lage 24/8], að hun være komenn austur til Hallgríms Jónssonar syslumanns. So seiger þorvalldur sig minne, að á henne sieu þaug marginalia sem þu umtalar.

Jon Eggertsson á Aukrum sagde mjer, að su gamla dóma skrudda, med hende Skapta Josephssonar, sie hiá sr. Arna Skaptasyne, á Saudanese fyrer nordan.

Han sagde mjer og, að bók þá med pápiskum dröslum og dómum, sem þu epter spyr, og sr. Olafur heitenn talade um við Nikulas Magnusson, nu syslumann í Rángárvalla syslu, eige hann (Jón Eggertsson), og sie hun nu í láne hiá syslumannenum Nikuláse Magnussyne. Hann seigest ecke glöggt muna, enn ecke fortaka kunna, að í henne sie testament Vatnsfiardar Christinar.

Þorlakur Skulason á Seilu, Olafssonar, seigest eckert til vita um nein document nie dröslur epter födur sinn; meinar hann það allt fargad, í medferd elldre brædra sinna Olafs og þorbergs sem dóu ur bóllunne [Ender 24/8].

Þetta allt ofannskrifad gat eg í fyrra ecke feinged að vita, fyrr enn skip vom sigld.

Um Hraunpufuklaustur.

Epter tilsögn Tummasar þorvalldssonar. (Hann er hreppstjóre, greindur madur, ó-skrökvis, enn ecke þar nærre.)

Hann seiger, að það, sem adrer kalle Hraunpufuklaustur, hafe hann heyr, að bærenn skule hafa vered kirkiustadur og heited Á Klaustrum. Enn Hraunpufa sie köllud örnefne eitt, þar langt sudur frá, fram á fiöllum.

Eirn þær þar fremra skule heited hafa Fossar, og við hann kiend vötn þar nálægt, köllud Fossavötn.

Enn epter tilsögn Vigfusa Sigurdssonar (epter sialfssión og underriettingu annarra, um nofnenn. Hann er bondamadur, áskrökvis, það eg veit).

Á Hraunpufuklaustre sier til girdinga í kring, og líka nockud til bæiarstædis í midiu tune, tuned hefur vered vídt um sig, allt eða mestallt sliett, nu allt hrise vaxed.

Bæier tveir hefur hver fyrer sig heited Stafn. Sier til girdinga á bádum, þeir ytst, austanframm við Hofsá.

Bær eirn hefur heited Hóll, sier til girdinga, hann er fyrer framan hina, austanframm.

Bær eirn ónefndur þar fyrer framan austanframm, sier til girdinga.

Bær eirn ónefndur vestanframm, so sem nockud þar á móte, sier til girdinga.

Aller þesser fyrer framan þorliótstade (sem nu er fremste bærenn), enn fyrer utan Hraunþufu klaustur.

Bær eirn vestanframm vid ána, miklu utar enn aller þesser, enn langt s. 309 fyrer framan Hof, kalladur Hamarsgerde, sier til girdinga, þar hefur vered brukud selstada frá Hofe fyrer nockrum árum, enn nu fiárhús.

Annars sagt þar skule vered hafa alls ellefu bæier, og allt þetta eydelagst i miklu plágunne, sydar á Hraunþufuklaustre fundest klucka, og hun fared til Goddala.

b. Allar þær sögur, setn eg hef excerperad ur fornyrde þau, sem eg sende þier i hittefirra, voru frá Vydedalstungu, görde eg það til ad giepia fyrer mier lánngsamann tíma og tilfinning, þegar mier tók nockud lited til ad lietta i þeirre laungu legu á Ásgeirsá, i halft annad ár. Enn ecke brukade eg til þess söguqver sr. Magnusar sal., og annadhvert alldrei, eda um lítenn tíma, var það hiá mier, þó ecke til þess.

Vel ánægdu er eg med svör þin uppa literas, invectas post christianismum, og packa þier þá kiennslu. Enn hitt áttu epter ad seigia mier, hverninn vered mune hafa níd þaug, sem sögurnar geta um. Um jarlsníd þorleifs synest vist, ad vered hafe qvæde, med munne frammtalad. Enn hvad skal eg halida um níd Eigils vid Eirik blodöxe? eda Jökuls vid Finnboga? munu það vered hafa einhveriar vissar hádungar mynder? Eda munu söguskrifararner hafa so skrifad, ex relatione saltern ? (fides sit penes authores) og ætlad, hiner sem þeir um skrifudu, hafe kunnad ad rista, med lesande stöfum, nided eda nídvisurnar.

Frædtu mig á, qvo anno ad var plágann mikla, sem vída er nefnd, og flest byle hafa eydelagst i hier á lande, so sem sagt er, og hvilik su plága var, jeg hef eckert eptertakanlegt urn það sied. Hvar er það ad finna ? Ecke kann það ad vera svarte daude, so kalladur, hun hefur vered lánngt seirna, því 1403 og 1407 hafa lifad þeir, sem plágu áred eda plágu veturenn lifdu og hafa vitnad um það, sem þá hafde skied; þu getur leidriett mig á þessu.

c. Sied hef eg nya laga concepted og lytst mier ecke allstadar vel á það, stillenn sumstadar oflángordur, og margt stilform, meir epter latinskum og dönskum genio, helldur enn islenskum. Sumt i lánngordar minutias utfært. Odalsrettur æred sterkur, og, ad eg meina, ólidande so, i erfdunum. Uppbod til jardasölu hier ómöguleg, og eventus inconveniens. Tvennslags hiónafiárlag, og audsiedar þar ut af óendanlegar þrætur, arfanna ójöfnudur og underskot i skulldagreidslum. Of háfar sekter sumstadar, og surnar nyiar, sem alldrei skylldede vera. Margt i hreppstiorn nytt, og um bureysing sem mier synest hverke gott nie practicable. Óbæreleger skrifara og forseiglingspeningar, foragt á klausturhölldurum, ad vera ey skattfry, á móte gamalie praxi. Fornyrde sum, med glossa, ópienanleg, óþörf rádagjörd um vexeler, og fleyra soddann. Sumt undannfellit, sem vera ætte; sumt öfugt vid Nord: lög, i því þó, sem mier synest hier eins vel standast kunna, og sexcenta ejusmodi. Summa, mig ugger fyrer, ad ei mune so gott alit fá, sem Autoritas officii, admixta desiderio excogitandi Magisterii, hefur persvaderad.